

## 5. fundur foreldrafélags Grunnskóla Stykkishólms

Haldinn 7.febrúar 2011 kl. 18

Mættir: Magnús, Sigga Beta, Violetta, Ásta Valdís, Guðmunda, Álfgeir, Bryndís, Inga Dalla, Erla Friðriks, Anna María, Guðrún Svana, Kristín, Sigrún Anna, Anna M

1. Farið yfir framkvæmd öskudags, skipt niður verkum.
  - a. Félagsmiðstöð verði með í grímuballinu.
  - b. Tala við nemendaráð og athuga hvort sniðugt sé jafnvel að vera með sundlaugapartý um kvöldið frekar en grímuball í Tónlistarskólanum! Guðmunda, Inga Dalla og Helga fara í bekkina og kanna óskir nemenda.
  - c. Íþróttahús:
    - i. Bryndís, Álfgeir, Violetta, Ásta, Kristín, Sigrún, Guðrún Svana, Anna M., Magnús verða við tækin í salnum. Guðrún Svana og Violetta sjá um miðasölu. Helga kemur með stimpil. Anna kemur með Ipod til að spila af í íþróttahúsinu. Djús- og nammipokaafhending: Magnús, Ásta, Bryndís og Helga.
  - d. Kvöldið: Inga Dalla, Sigga Beta, Anna María, Guðmunda, Helga, Erla.
2. Skólarnir á Snæfellsnesi hafa verið að ræða sameiginlegt forvarnarmál. Niðurstaða þeirra var sú að misnotkun á netmiðlum og frjálsteg meðferð á texta sé eitthvað sem þyrfti að fræða krakkana um. Rætt um að Þorgrímur Þráinsson eða Logi Geirsson yrðu fengnir til að spjalla við krakkana m.a. um þetta.
3. Magnús vildi fagna stundvísi átaki skólans.
4. Bíódagur: Eydís íþrótt- og tómtundafulltrúi setti sig í samband við Magnús og óskaði eftir að foreldrafélagið tæki að sér aftur þessa framkvæmd. Magnús tekur að sér undirbúning og setur sig í samband við hópinn eftir þörfum.
5. Heimili og skóli sendir fræðsluefni og ábendingar til Magnúsar og hann mun senda áfram á hópinn.
6. Niðurskurður, verður eitthvað um niðurskurð í GSS?
7. Önnur mál: Rætt var lauslega um fyrirkomulag barnaafmæla og einhverja viðmiðun í gjafamálum. Kom fram í hópnum að í yngri bekkjunum væri það annaðhvort stelpur eða strákar sem væri boðið eða allur bekkurinn. Í eldri bekkjunum var þetta allavega og mismunandi eftir árgöngum.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 18.49